


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sambykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Hönnun og Hugmyndavinna</b> <b>MYL 113</b> <b>Kennsluáætlun VOR 2011</b>	

<b>Kennari</b>	<b>Véronique Legros</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>VER</b>
	Viðtalstími : <b>fim. 9.00-9.40</b> ( í kennarastofu Listnámsbrautar )		
	Netfang : <a href="mailto:vero@vma.is">vero@vma.is</a> <b>gsm : 691.1450</b>		



### Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn að þróa og setja fram hugmyndir sínar .  
Hann kynnist hugkortagerð, þemavinnu, uppbyggingu skissubókar og safnmöppu (portfolio).  
Hann vinnur tilrauna- og hugmyndavinnu og skoðar margvíslegar útfærsluleiðir.  
Nemandinn vinnur bæði einstaklingsverkefni og hópverkefni.

### Markmið:

að nemandinn...

- ✓ þjálfri **opna og leitandi hugsun**
- ✓ náí tókum á ferlinu **hugmynd – úrvinnsla – afurð**
- ✓ skýri hugmyndir sínar á munnlegan, skriflegan og myndrænan hátt
- ✓ vinni hugmyndavinnu í hóp
- ✓ sýni hæfni til að **þróa hugmyndir**
- ✓ sýni **sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi** í vinnubrögðum
- ✓ þekki hugtökin **hugkort, hugstormur, þemavinna, synektík**
- ✓ vinni **innsetningarverk, videómálverk eða gjörning**
- ✓ læri að **þekkja eigið hugmyndavinnuferli**

### Námsgögn:

Stuðst er við bækurnar Handbók í hugmyndavinnu eftir Steingrím Eyfjörð, Art Synectics eftir Nicholas Roukes og efni um Mind Mapping eftir Tony Buzan.


### Innkaup:

Nemendur þurfa að eiga **góða bók** til að skrá hugmyndir

### Verkefni:

*Nemandinn:*

- Hannar eigin hugmyndamöppu
- Safnar í hugmyndabanka og skráir eigið vinnu og hugmyndaferli
- Leysir 4 stærri hönnunarverkefni
- Tekur viðtal við hlut

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Hönnun og Hugmyndavinna</b> <b>MYL 113</b> <b>Kennsluáætlun VOR 2011</b>	

### Áætlun um yfirferð:

Fyrstu 2 vikur annarinnar kynnumst við Hugkortagerð (Mind Mapping) og æfum okkur í að nota þau. Við þjálfum okkur líka í „Brainstorming“ eða Hugstormun sem er þýðingarmikill þáttur í allri hugmyndavinnu og kynnumst aðferðum í þemavinnu.

Í framhaldi er áfanganum skipt í 4 lotur þar sem nemendur vinna fjögur hugmyndaverkefni. Athugið að mikið er lagt upp úr persónulegri útfærslu á hugmyndum og því að nemendur nýti eigin færni og þekkingu til framsetningar og beiti margvíslegum miðlum.

Áhersla er lögð á það að allt vinnuferli sé sýnilegt í lok áfanga. Skráið hjá ykkur hvar hugmyndir fæðast og hvernig þær þróast.

Geymið allt riss og skissur, takið ljósmyndir eða video og skráið ferlið með öllum tiltækum ráðum. Geymið allar hugmyndir, ekki bara þær sem þið vinnið

### Námsmat og vægi námsþátta:

*Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin .*

- Hugmyndamappa **50%** 4 fullkláruð hönnunarverkefni  
+ hugmyndabanki (þælingar / skissuvinna / æfingar)
- Virkni, þátttaka í verkefnum og umræðum, opin og leitandi hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði **30%**
- Sjálfsmat **15%**
- Mæting **5%**

*Það er 100 % mætingarskylda.*

*Einungis er gefið svigrúm fyrir 9 fjarvistarstig á önninni fyrir veikindi og þ.h. (3 stig fyrir hverja einingu).*

*Eftir það telst nemandi hafa sagt sig úr áfanganum.*

*Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið okkur vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)*

*Með fyrirvara um breytingar*

Véro

**Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósotta vinnu í eitt ár án ábyrgðar**

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

### SBS Helmet Self Brain Storming Helmet

